

Vatnamælingar á Vestfjörðum

Á Vestfjörðum eru eða hafa verið starfrækir eftirfarandi vatnshæðamælar

1. Fossá, Bolungavík

Mælingar hófust þar í september 1917. Mælingarnar féllu niður annað veifið um nokkurt árabil, en hafa verið samfelldar síðan 1945.

2. Dynjandiá, Arnarfirði

Á árunum 1944-45 eða e.t.v. fyrr, hóf Finnbogi R. Þorvaldsson, prófessor, mælingar á rennsli Dynjandiár, byggði yfirfall. Um niðurstöður þeirra mælinga er ekkert í fótum vatnamælinga annað en það, sem er að finna í "Virkiun Dynjandiár - áætlanir og greinagerð" vegamálastjórnarinnar og rafmagnseftirlitsins dags. í marz 1946.

Í ágúst 1947 voru svo samfelldar vatnshæðarmælingar hafnar að nýju, stóð svo um skeið, en frá haustinu 1951 hafa mælingar verið stopular, því að jörðin Dynjandi fór þá í eyði.

3. Mjólká, Arnarfirði

Mælingar í Mjólká eiga áþekka sögu og mælingar Dynjandiár. Prófessorinn byggði yfirfall, en það eyðilagðist skjótt. Niðurstöður engar frá þeim tíma.

Reglubundnar mælingar hófust í ágúst 1947. Mælingar hafa verið stopular síðustu tvö árin. Nú sem stendur er jörðin í ábúð og lesið á vatnshæðarmælinn.

4. Fverá, Langadalsströnd

Vatnshæðarmælingar eru til allt frá ágúst 1947. Ennþá hefur ekki verið unnið úr þeim að fullu. Vatnshæðarmælingurinn er niður hjá þjóðvegi, samanburðarmælingar hafa verið gerðar á rennslinu hjá vhm. og rennslinu úr Skúfnavötnum. Út frá þeim niðurstöðum hefur virkjunarstarð verið athuguð.

5. Húsadalsá, Mjóafirði

Vatnshæðarmælingar hófust í apríl 1951. Gæzluna annaðist bóndinn í Hörgshlíð þar til sú jörð fór í eyði. Þá var um stund lesið á mælinn frá Botni eða þar til s.l. haust að sú jörð fór einnig í eyði, en síðan hafa álestrar fallið.

6. Hnúksá, Bíldudal

Yfirfallsstífla byggð í sept. 1952. Samfelldar mælingar síðan.

7. Seljadalsá, Bíldudal

Yfirfallsstífla byggð í sept. 1952. Samfelldar mælingar síðan.

8. Eyrardalsá, Súðavík

Yfirfallsstífla byggð í okt. 1952. Samfelldar mælingar síðan.

Auk framanskráðra 8 vatnsfalla hefur fjöldi annarra vatnsfalla hlotið meiri eða minni athugun í eftirtöldum ferðum mínum um Vestfirði.

1.	ferð	26. ágúst	-	6. sept.	1947	=	12	dagar
2.	"	10. "	-	19. ágúst	1948	=	10	"
3.	"	28. jan.	-	31. jan.	1950	=	4	"
4.	"	15. febr.	-	19. febr.	1950	=	5	"
5.	"	8. júlí	-	10. júlí	1951	=	3	"
6.	"	14. sept.	-	21. sept.	1951	=	8	"
7.	"	19. jan.	-	14. febr.	1952	=	27	"
8.	"	2. júní	-	6. júní	1952	=	4	"
9.	"	5. júlí	-	10. júlí	1952	=	6	"
10.	"	24. sept.	-	6. okt.	1952	=	<u>13</u>	"

Alls 92 dagar

=====

Niðurstöður þessara sundurálitnu og strjálu athugana gefa bendingu í þá átt,
sem hér skal greina:

Vatnsföll	Hæð yfir sjó í m	Úrk.- svæði km ²	Meðalrennsli		Sjaldan undir		Minnsta rennsli		x)
			m ³ /s	l/s pr km ²	m ³ /s	l/s pr km ²	m ³ /s	l/s pr km ²	
Suðurfossá, Rauðas.	150 m y.s.	14	0,75	55	0,10	7	0,06	4	
Tunguá, Sveinseyri	30 m "	3,6	0,140	40	0,075	21	0,050	14	
Seljadalsá, Bíldud.	200 m "	15	0,45	45	0,075	15	0,030	9	
Hnúksá, Bíldudal	100 m "		0,22		0,15		0,11		
Fossá, Fossfirði	50 m "	29	1,15	40	0,4	14	0,2	7	
Dyhjandiá, Arnarf.	354 m "	21	3,15	150	1,00	47	0,5	24	
Mjólká, Arnarfirði	310 m "	28	2,8	100	1,10	40	0,7	25	
Hvallátradalsá, Dýraf.	300 m "	10	0,75	75	0,15	17	0,06	6	
Núpsá, Dýrafirði	20 m "	29	1,6	55	0,5	17	0,25	9	
Fossá, Bolungavík	329 m "	1,1	0,175	160	0,08	73	0,05	45	
Langá, Engidal	240 m "	9	0,60	67	0,125	14	0,075	8	
Eyrard.á, Súðavík	100 m "	8	0,48	60	0,09	11	0,040	5	
Húsadalsá, Mjóafirði	425 m "	19	1,5	80	0,225	12	0,050	2,5	
Karlmannaá, "	133 m "	8,6	0,28	32	0,10	11	0,08	9	

X) Skammvinn rennslistruflun af völdum snjóá og íss er ekki talin til minnsta rennslis.

Í þessu sambandi er skylt að vekja athygli á að taka þessar niðurstöður með varasemi, þar eð athugunartímabilið er hvergi yfir 4 ár, að Fossá í Bolungavík undanskildri, og hvað langflest vatnsföllin viðkemur, aðeins 2 ár.

Reykjavík, 15. apríl 1953.

Sigmundur Þist

Samanburðarmælingar
á Dynjanda- og Mjólkársvæðinu
m³/sek

Dags.	D y n j a n d i á				Svíná 360 m y.s.	M j ó l k á			H ó f s á	
	Fjall- foss	neðan Eyjav.	Austurá	neðan St.Eyjav.		fjalls- brún	neðan Langav.	Borgar- hv.lækur	S-kvísl 490 m y.s.	N-kvísl 490 m y.s.
29/8 '47	4,5	3,75			0,23	3,4		0,37	1,25	0,65
12/8 '48	3,4	2,50			0,28	2,2	1,9	0,2		
18/2 '50	1,16	1,04				0,91		0,07		
16/9 '51	2,40	1,90		0,68		2,40	1,7	0,3		
4/2 '52	0,85	0,78				1,0				
3/6 '52	2,0	1,6		0,35		1,2	0,82	0,13		
7-8/7 '52	7,7	5,5	1,0	2,72	0,33	4,65	4,50	0,43	1,74	0,80

Þær mælingar einar eru skráðar hér, sem gefa til kynna hlutfallið á milli hinna einstöku vatnsfalla, en slíkur samanburður fæst aðeins, þegar veðurfarið er stöðugt.

18/3 1953

S. Krist